

Ríkissafn - stutt

Janúar 2022



Fyrir hverja

Ríkissafn stutt er fyrir þá sem vilja fjárfesta í ríkisskuldabréfum og hyggjast ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.

Lítil Mikil

- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
 - Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*
- * Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofndagur: 13.3.2009
Fjöldi sjóðfélaga: 70
Heildarstærð m.kr: 541

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er um 0,3% af meðaleignum.

Kennitölur og tölfræði

Meðaltími safns: 1,0 ár
Staðalfrávik ávöxtunar: 1,2%
5% VaR(mán. tímabil): -0,2%
Sharpe hlutfall: 0,8
Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 5 ár.
Nánar um kennitölur og tölfræði, sjá baksíðu.

Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Ríkisskuldabréf	80%	30%	100%
Innlán,laust fé	20%	0%	70%
Meðaltími	1 ár	0,1 ár	3 ár

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími 510-2500
Fax 510-2550
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem fjárfestir að mestu leyti í óverðtrygðum ríkisskuldabréfum, ríkisvixlum og ríkisbréfum.

Ríkissafn stutt hentar vel fyrir sjóðfélaga sem eru eldri en 58 ára og vilja ávaxta inneign sína að mestu leyti í ríkisskuldabréfum. Þar sem meðaltími safnsins er stuttur eru sveiflur á gengi safnsins litlar og því hentar safnið vel fyrir sjóðfélaga sem ætla að ganga á inneign sína á næstunni. Safnið getur einnig fjárfest í innlánum banka. Áætlaður meðaltími bréfanna er um 1 – 3 ár. Skuldaraáhætta í safninu er í lágmarki þar sem fjárfest er að stórum hluta í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins.

Orðsending sjóðstjóra

Ríkissafn stutt hækkaði um 0,2% í desember og hækkaði um 0,3% á árinu. Lágt vaxtaumhverfi og væntingar um verðbólgu hafa hvað mest áhrif á ávöxtun safnsins.

Eignasamsetning


Stærstu eignaflokkar	Eign
Óverðtrygð ríkisbréf	81,5%
Innlán	15,3%
Verðtrygð ríkisbréf	3,2%
	100,0%

Ávöxtun, %


	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Frá áramótum	0,3%	-4,4%
SL 1 ár	0,3%	-4,4%
SL 3 ár	3,7%	0,1%
SL 5 ár	4,0%	0,8%
SL 10 ár	4,2%	1,3%
Frá stofnun	4,6%	1,2%

Verðbréfaflokkar


Flokkur	Vægi
Ísland - ríkisábyrgð	84,7%
Innlán	15,3%
	100,0%



Gengispróun sl. 10 ár



Gengispróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Ríkissafn stutt er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Um skuldara- og markaðsáætta

Skuldaraáætta

Skuldaraáætta er sú áætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáætta er mismikil meðal útgefanda. Skuldaraáætta er talin lítill ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáætta minnkar með auknum fjölda útgefanda í söfnum.

Markaðsáætta

Megin markaðsáætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáætta en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáætta skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.